

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. október 2016  
UST201609-019/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 – 2023. Tillaga að breytingu á sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 – 2023, á svæði fyrir sorpflokkun í landi Grímsstaða.

### Skipulagssvæðið


Í greinargerð kemur fram að fyrirhugaðri sorpflokkunarstöð er ætlaður staður skammt sunnan vegamóta Kísilvegjar og Hringvegjar. Stærð svæðisins verður í byrjun 2.200 m<sup>2</sup> en gert er ráð fyrir að svæðið verði 4.000 m<sup>2</sup> í heildina. Alls mun sorpflokkunarstöðin taka við 200 tonnum af úrgangi á ári, spilliefnum, plasti, pappír, timbri, almennum heimilisúrgangi og málmum.


Vegamót Kísilvegjar og Hringvegjar eru fjölfarin, og telur Umhverfisstofnun að gámasvæðið komi til með að vera áberandi á áætluðum stað og ásýndaráhrif mikil. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt væri að gámasvæði væri komið fyrir í tengslum við annan iðnað s.s. við Bjarnarflag eða við iðnaðarsvæði í Reykjahlíðarþéttbýli.

### Áhrifamat

**Ásýnd.** Umhverfisstofnun tekur undir að helstu áhrif sorpflokkunarsvæðisins eru á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að komið verði upp gámasvæði í Skútustaðahreppi. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu sjónræn áhrif minni og sorpflokkunarsvæði ekki eins áberandi í umhverfinu ef fundinn yrði staður í tengslum við annan iðnað.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur